

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 265/2008 um framkvæmd siglingaverndar.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Stjórnvald hafnaverndar.*

Samgöngustofa tilnefni stjórnvald hafnaverndar fyrir hverja höfn. Tilnefna má stjórnvald hafnaverndar fyrir fleiri en eina höfn.

Stjórnvald hafnaverndar skal vera ábyrgt fyrir gerð og framkvæmd verndaráætlana hafna byggðum á niðurstöðum áhættumats fyrir hverja höfn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB, er sett með heimild í 13. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004 og 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003 og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 8. maí 2018.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*